

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Ársfundir Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði

Það helsta í blaðinu:

Ársfundur RSH bls 1

Úthlutun úr minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda bls 1

Styrkir úr B-hluta vísindasjóðs Fih bls 2

RIM færð peningagjöf bls 2

Úthlutun úr vísindasjóði Lsh bls 3

Doktorsnemi í hjúkrunarfræði hlýtur styrk bls 3

Ársfundur RSH var haldinn 27. mars síðast liðinn. Að þessu sinni var þema fundarins: “Frá hugmynd til hagnýtingar:

Rannsóknasamstarf hjúkrunarfræðideildar og Landspítala. “

Dr. Sóley S. Bender formaður stjórnar setti fundinn og fór yfir skýrslu stjórnar. Heiðursgestur var Anna Stefánsdóttir fyrrum framkvæmdarstjóri hjúkrunar á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hún flutti ávarp en að því loknu voru þrjár rannsóknir sem unnar hafa verið í samstarfi hjúkrunarfræðideildar og Landspítala kynntar. Þórey Sóley Ingadóttir hjúkrunarfræðingur flutti erindið: “Áhrif rannsókna á þróun hjúkrunar lungnasjúklinga”. Anna

María Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Lilja Ásgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur fluttu erindið: “Breytt verklag varðandi föstu fyrir skurðaðgerð á skurðsviði LSH- Frá fræðum til framkvæmdar”. Að lokum flutti Jenný Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur erindið: “Upplifun ungs fólks af kynheilbrigðisþjónustu “. Ársfundurinn var vel sóttur.



Doktorsnemar í ljósmóðurfræði hljóta styrki

Fyrir skemmstu fór fram fyrsta úthlutun úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda. Sjóðurinn var stofnaður árið 2008 og hefur það markmið að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til framhaldsnáms. Heildarupphæð styrkja nam einni og hálfri milljón króna. Styrkþegar voru Berglind Hálfðánsdóttir og Sigfríður Inga Karlsdóttir en þær stunda báðar doktorsnám í ljósmóðurfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Doktorsverkefni Berglindar ber heitið: “Heimafæðingar á Íslandi: Útkoma og áhrifsbættir”. Verkefni Sigfríðar Ingu nefnist: “Væntingar og upplifun kvenna af fæðingu með áherslu á sársauka og sársaukameðferð”.



Frá vinstri Helga Gottfreðsdóttir, Marga Thome, Sigfríður Inga Karlsdóttir styrkþegi og Berglind Hálfðánsdóttir styrkþegi.

Úthlutað úr B– hluta vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Þann 14. maí var úthlutað styrkjum úr B-hluta Vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Alls hlutu 25 rannsóknarverkefni styrki sem voru á bilinu 210– 530 þúsund krónur hver. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki:

Arna Skúladóttir

Greining (descriptive analysis) á meðferð við svefnvandamálum ungra barna.

Ásta B. Pétursdóttir

"„Meðferðarferli fyrir deyjandi sjúklinga er vegvísir sem vaktar og varðar ferli hjúkrunar við lífslok: “Fyrirbærafraeðileg rannsókn um reynslu hjúkrunarfræðinga af því að fylgja slíku ferli”.

Brynja Ingadóttir

“Væntingar sjúklinga með hjartabilun til fræðslu í tengslum við tvislegla gangráðsætningu (CRT)”.

Brynja Jónsdóttir

Þróun og forprófun fræðsluefnis fyrir unglunga með sykursýki típu I.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir

Kostnaður vegna ritstjórnar bókarinnar: Ofbeldi margbreytileg birtingarmynd.

Guðrún Eygló Guðmundsd

“Fjölskylduhjúkrun á Barnaspítala Hringins: aðlögunarleiðir og lífsgæði fjölskyldna- þversniðsrannsókn”.

Helga Bragadóttir Óframkvæmd hjúkrun og teymisvinna.

Helga Jónsdóttir og Erla Kolbrún Svavarsdóttir

“Ritstjórn alþjóðlegrar fræðibókar í fjölskylduhjúkrun:

Family Nursing in Action”.

Helga Jónsdóttir

Þátttaka einstaklinga með langvinna lungnateppu og fjölskyldna þeirra í samráði um eflingu heilbrigðis.

Herdís Sveinsdóttir

Líðan dagaðgerðasjúklinga eftir svæfingu.

Hulda Rafnsdóttir

Þjónandi forysta, tengsl hennar við starfsánægju, aðra strfstengda þætti og gæði þjónustu á hjúkrunarsviðum Sjúkrahússins á Akureyri (FSA).

Hulda S. Gunnarsdóttir

Lyfjaskráning hjúkrunarfræðinga í Therapy – lýsandi rannsókn.

Ingibjörg Fjölvisdóttir

Starfsánægja og streita í starfi hjúkrunardeildarstjóra á Landspítala.

Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir

“Fjölskylduhjúkrun á Barnaspítala Hringins: Upplifaður stuðningur foreldra og ánægja með heilbrigðisþjónustuna - þversniðsrannsókn”.

Katrín Blöndal

Notkun þvagleggja og tíðni þvagfærasýkinga sem tengjast þvagleggjum á legudeildum Landspítala.

Kolbrún Kristiansen

Líðan sjúklinga á sjúkrahúsi eftir liðskiptaaðgerð, aðgengi að upplýsingum og ánægja með umönnun.

Kristín Björg Flygenring

“Notkun á Jurtasmyrslu frá MÓA við sármeðferð hjá börnum, sem hlutu brunaáverka á árunum 2008-2011 (vinnuheiti)”.

Margrét Gísladóttir Heilsueflandi meðferðarsamræður við fjölskyldur unglunga/ungs fólks með átraskanir.

Oddný Kristinsdóttir

Alvarleg munnslímhúðarbólga hjá börnum sem greinst hafa með krabbamein á Íslandi frá 2001-2011: Tíðni, áhættuþættir og afleiðingar - Afturskyggn rannsókn.

Rannveig J. Jónasdóttir

Eftirgæsla sjúklinga eftir útskrift af gjörgæsludeild: Framsýn samanburðarrannsókn.

Sigríður Hrönn Bjarnadóttir

Reynsla einstaklinga með geðsjúkdóm af endurteknum áföllum.

Sigrún Sigurðardóttir

Þróun meðferðarúrreða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku.

Sóley S. Bender

Kynlíf á meðgöngu og eftir fæðingu.

Þóra Þórsdóttir

Viðhorf og reynsla hjúkrunarfræðinga og lækna á kynlífsheilbrigði krabbameinssjúklinga.

Þórunn Sch. Elíasdóttir

Er hægt að mæla hlutþrýsting- og mettun súrefnis í systemísku slagæðablóði í sjónhimnuaðum með sjónhimnu- súrefnismettunarmæli?

Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur færð gjöf

Á lokaverkefnisdegi hjúkrunarfræðideildar sem haldinn var 11. maí færði 50 ára útskriftarárgangur Rannsóknarsjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur 50 þúsund krónur að gjöf. Framlög sem þessi eru sjóðnum afar mikilvæg til þess að hægt sé að úthluta reglulega úr sjóðnum.

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur vinnur að því að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum og veitir sjóðurinn styrki til rannsóknarverkefna sem samræmast markmiðum sjóðsins. Hægt er að styrkja sjóðinn með ýmsu móti t.d. vegna árgangsafmæla eða útskriftar. Einnig er hægt að senda minningarkort. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Íslandsbanka: 0513-26-004057. Kennitala styrktarsjóða HÍ er: 571292-3199. Nánari upplýsingar veitir: Margrét Björnsdóttir verkefnisstjóri RSH, margbjo@hi.is.



Frá vinsti. Sigríður Antonsdóttir fulltrúi 50 ára útskriftarárgangs og Guðrún Kristjánsdóttir deildarforseti hjúkrunarfræðideildar

Vísindasjóður Landspítala úthlutar styrkjum

Þann 25. apríl var úthlutað úr vísindasjóði Landspítalans. Alls var úthlutað 104 styrkjum og nam upphæð þeirra 50 milljónum króna. Eftirfarandi hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hlutu styrki:

Ásta St. Thoroddsen forstöðumaður fræðasviðs upplýsingatækni í hjúkrun og **Hanna Kristín Guðjónsdóttir** meistaranemi, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

Endurnýting gagna til að auka sýnileika á framlagi hjúkrunar til bættrar útkomu sjúklinga.

Agnes Gísladóttir, doktorsnemi Fæðingarútkomur kvenna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor og forstöðumaður fræðsviðs í fjölskylduhjúkrun. Hvernig ná heilbrigðisstarfsmenn best til kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum?

Helga Bragadóttir dósent og forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun.

Óframkvæmd hjúkrun og teymisvinna (áður: Hjúkrun sem er sleppt og teymisvinna).

Helga Bragadóttir dósent og forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun og

Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir meistaranemi og hjúkrunarfræðingur. Lyfjaskráning hjúkrunarfræðinga í

Therapy - Lýsandi rannsókn.

Helga Bragadóttir dósent og forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun

Sólrún Rúnarsdóttir meistaranemi og hjúkrunarfræðingur á bráðasviði. Virðisaukandi vinna

hjúkrunarfræðinga á slysa- og bráðasviði.

Helga Jónsdóttir prófessor, forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna.

Þátttaka einstaklinga með langvinna lungnateppu og fjölskyldna þeirra í samráði um eflingu heilbrigðis.

Helga Jónsdóttir prófessor, forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna og

Marianne Klinke doktorsnemi og hjúkrunarfræðingur.

Gaumstól eftir slag í hægra heilahveli.

Herdís Sveinsdóttir forstöðumaður fræðasviðs skurðhjúkrunar og prófessor.

Líðan dagaðgerðasjúklinga eftir svæfingu.

Herdís Sveinsdóttir forstöðumaður fræðasviðs skurðhjúkrunar og prófessor.

Störf og starfsumhverfi deildarstjóra á Landspítala.

Hrund Scheving Thorsteinsson deildarstjóri, doktorsnemi.

Gagnreynd hjúkrun: Þættir sem hafa áhrif.

Ingibjörg Bjartmarz

hjúkrunarfræðingur.

Fýsileiki innleiðingar klínískra leiðbeininga um hjúkrun heilablóðfallssjúklinga í endurhæfingu.

Kolbrún Kristiansen

hjúkrunarfræðingur.

Líðan sjúklinga á sjúkrahúsi eftir liðskiptaaðgerð, aðgengi að upplýsingum og ánægja með umönnun.

Oddný S. Gunnarsdóttir

deildarstjóri.

Tengsl sjálfsvíga við sjúkdómsgreiningar eftir útskrift af bráðsviði Landspítala.

Sóley S. Bender forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði og prófessor og **Edda Sveinsdóttir**;

Hilda Friðfinnsdóttir nemandi í ljósmóðurfræðum

Kynlíf á meðgöngu og eftir fæðingu.

Svandís Íris Hálfánardóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Einkenni á síðustu 24 klst. lífs: Samanburður á skráningu algengra einkenna og meðferð þeirra hjá sjúklingum með krabbamein og sjúklingum með aðra sjúkdóma.

Valgerður Lísa Sigurðardóttir ljósmóðir og klínískur lektor.

Ljáðu mér eyra viðtalsmeðferð á Landspítala – rannsókn á árangri viðtala.

Doktorsnemi í hjúkrunarfræði hlýtur styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands

Nýlega hlaut Marianne Elisabeth Klinke doktorsnemi í hjúkrunarfræði veglegan styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til tveggja ára. Þetta er í fyrsta skipti sem doktorsnemi í hjúkrunarfræði hlýtur styrk úr sjóðnum en markmið hans er að efla doktorsnám við Háskóla Íslands í samræmi við stefnu skólans. Alls voru 16 nemendur sem hlutu styrk fyrir árið 2012 en þetta var í sjötta skipti sem úthlutað var úr sjóðnum. Doktorsverkefni Marianne nefnist: Gaumstól eftir slag í hægra heilahveli.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala.

Í stjórn RSH sitja:

Sóley S. Bender,
formaður
Rúnar Vilhjálmsson
Eydís Sveinbjarnardóttir
Sigríður Gunnarsdóttir,
varamaður

Starfsmenn RSH eru:

Guðný Bergþóra
Tryggvadóttir og
Margrét Björnsdóttir

Ritstjóri Rannsóknafréttar:

Margrét Björnsdóttir
Eirbergi, Eiríksgötu 34
101 Reykjavík
Sími: 525 5280
Netfang: margbjo@hi.is

